

Norðurál Grundartanga ehf
Grundartanga
301 Akranes

Reykjavík, 10.10.2024
UST202401-236/S.M.
08.07.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna fráviks í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 30. júlí 2024, þar sem fram kom að frávik hefði verið skráð í eftirliti í Norðurál þann 18. júní 2024. Þann 16. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 1.10 í starfsleyfi. Umhverfismörk utan þynningarsvæðis flúors eru 0,3 ug/m³ reiknað sem meðaltal á tímabilinu 1. apríl – 30. september, mörk fyrir heildarflúor eru 0,4 ug/m³ á sama tímabili. Árið 2023 mældist styrkur loftkennds flúors á Kríuvörðu 0,34 ug/m³ og heildarflúor reyndist 0,41 ug/m³, hvortveggja yfir starfsleyfismörkum.

Rekstraraðili leggur til eftirfarandi úrbótaáætlun til að bregðast við frávikinu:

1. Eftirfylgni aðgerða sem voru kynntar í fyrri eftirlitsheimsókn 2024 og snúa að bættu eftirliti með losunarviðmiðum í kerskála. Viðbrögð við hækkuðum gildum í rjáfurmælingum í daglegum rekstri kerskála verða kynnt í seinni eftirlitsheimsókn Umhverfisstofnunar 2024. Áætluð tímasetning: Nóvember 2024
2. Fjölgun samanburðarmælinga í rjáfri kerskála á þeim kersvæðum sem eru næst Kríuvörðu. Áætluð tímasetning: Nóvember 2024
3. Gróðursetning reyniviðar við gróðursýnatökustað umhverfisvöktunar við Kalastaðakot til að auka eftirlit með álagi á gróður í línu við Kríuvörðu. Áætluð tímasetning: September 2024
4. Norðurál mun upplýsa Umhverfisstofnun um niðurstöður loftgæðamælinga á Kríuvörðu eftir því sem niðurstöður berast yfir gróðurtímabil. Áætluð tímasetning: September 2024
5. Norðurál mun boða til fundar með Umhverfisstofnun þegar niðurstöður flúormælinga á Kríuvörðu fyrir árið 2024 liggja fyrir til að fara yfir niðurstöður

og meta hvort þörf sé á frekari úrbótum. Áætluð tímasetning: Nóvember 2024

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur